



STEFNUMÓTUN OG ÁÆTLANAGERÐ FYRIR SVEITARFÉLÖG, STOFNANIR OG FÉLAGASAMTÖK

Á námskeiðinu verður dregin upp mynd af aðferðum og leiðum í stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera og hvaða væntingar um árangur eru þeim bundnar. Leitast verður við að skýra viðfangsefnið með dæmum úr stjórnsýslunni og þátttöku nemenda í gegnum hagnýt verkefni og umræður.

Markmið námskeiðsins er að kynna raunhæfar aðferðir við gerð stefnumótandi áætlana fyrir stofnanir og sveitarfélög. Jafnframt verður stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera kynnt fyrir þátttakendum, meðal annars í gegnum verkefni í stefnugreiningu.

Á námskeiðinu er fjallað um:

- Stefnumótun og áætlanagerð.
- Stefnugreiningu.
- Stefnumótunarferlið hjá hinu opinbera.
- Hugmyndafræði og hugtakanotkun í stefnumótun og áætlanagerð í opinberri stjórnsýslu.

Ávinningur þinn:

- Aukin þekking og skilningur á hvað stefnumótun felur í sér og hvernig hún getur nýst við að leiða almannafé að almannahag.
- Aukin færni við stefnumótun og áætlanagerð.
- Aukin færni við stefnugreiningu.
- Aukin þekking og skilningur á stefnumótunarferlinu hjá hinu opinbera.
- Að þekkja og greina á milli helstu hugtaka í opinberri stefnumótun og áætlanagerð.

Fyrir hverja:

Stjórnendur, sérfræðinga og aðra starfsmenn stofnana og sveitarfélaga sem taka þátt í eða hafa áhuga á stefnumótun og áætlanagerð á sínum vinnustað.

Aðrar upplýsingar:

Þátttakendur fá afrit af slæðum sem notaðar eru í kennslunni auk bókalista og ábendingar um áhugaverðar vefsíður. Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðna og hópverkefna.

Kennarar: Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu og Pétur Berg Matthíasson sérfræðingur í umbóta- og hagræðingarmálum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Hvenær: Mán. 14. sept. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 16:00 og þri. 15. sept. 9:00 - 12:00 (2x)

Hvar: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7

Verð snemmskráning:
39.900 kr.

Almennt verð:
43.900 kr.

Snemmskráning til og með 4. september

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á

ENDURMENNTUN.IS EÐA Í SÍMA 525 4444